

Árið 2006, þriðjudaginn 6. júní, kl. 13.30, kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til **50. fundar** að Óseyri 2, Akureyri.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Með bréfi dags. 17. maí 2006 óskar Svalbarðsstrandarhreppur eftir umsögn vegna leyfis til áfengisveitinga í Sveitahótelinu Þórisstöðum, Svalbarðsströnd. Ábyrgðarmaður rekstrar er Stefán Tryggvason.

Byggingarnefnd samþykkir leyfisveitinguna fyrir sitt leyti.

2. Sverrir Páll Erlendsson, sækir um leyfi til að byggja sumarhús á lóð nr. 32 í Heiðarbyggð í landi Geldingsár, Svalbarðsströnd, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Kollgátu, arkitektúr-hönnun, dags. 16.05.06.

Byggingarnefnd samþykkir erindið, en bendir á að samkvæmt skipulagsskilmálum á þessum stað skal þakhalli vera á bilinu 15 til 45 gráður og breyta þarf teikningum til samræmis við það.

3. Haukur Halldórsson, fyrir hönd eigenda Veigastaða I og Vaðla ehf, óskar eftir að fá að rífa gamla sumarhúsið sem kallað er Valhöll í landi Veigastaða 1, sbr. meðfylgjandi afstöðumynd, dags. 18.05. 2006.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

4. Randver Karlsson, Fosslandi 1, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi til að byggja geymslu á lóð nr. 1 við Fossland, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Opus, teikni- & verkfræðisstofu, dags. 02.06.2006, verk nr. 041201. Erindið hefur verið grendarkynnt fyrir íbúum við Fossland og eiganda jarðarinnar Syðri-Varðgjár.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

5. Hörður Guðmundsson, Svertingsstöðum II, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi til að byggja fjós á lögbylinu Svertingsstöðum II, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá H.S.Á. teiknistofu, Ívari Ragnarsyni, dags. 21.04. 2006, verk nr. 06-501.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

6. Bjarkey Sigurðardóttir, Gröf I, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi til að byggja einbýlishús á lögbylinu Gröf I, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Jónasi Vigfússyni, dags. 20. maí 2006, verk nr. 2006-2.01.

Byggingarnefnd samþykkir erindið, en bendir á að æskilegt gæti verið að hafa vatnssalerni á baðherbergi í svefnherbergisálmum. Jafnframt þarf að lagfæra teikningar vegna athugasemda frá eldvarnareftirliti.

7. Níels Helgason, Torfum, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi til að byggja fjós og haugtank á lögbylinu Torfum, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Tómasi Böðvarssyni-Teiknistofu, dags. maí 2006.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:40

Hreiðar Hreiðarsson

Jónas Baldursson

Kristján Kjartansson

Jósavin Gunnarsson

Bragi Pálsson

Klængur Stefánsson

Valtýr Sigurbjarnarson ritaði fundargerð.